

## Stjórnarfundur FASK

27. Fundur 11. Apríl 2024 kl 8:30

Mættir: Haukur Ingi Einarsson, Ágúst Elvarsson og Tinna Rut Sigurðardóttir  
Fundurinn haldinn í húsnæði Glacier Journey - Víkurbraut:

### 1. Jökulsárlón fyrirhuguð uppbygging.

Haukur gerði grein fyrir að FASK hafi verið boðið að kynna þeirra sjónarmið varðandi uppbyggingu innviða við Jökulsárlón. Haukur kynnti drög að kynningu fyrir stjórn FASK. Gerðar voru smávægilegar breytingar á uppsetningu á glærum. Formanni falið að kynna málið fyrir stjórn Vatnajökulspjóðgarðs.

### 2. Vegtengingar milli Nesjahverfis, fyrirhugaðrar atvinnuuppbyggingar norðan Hafnar frá Haukafelli, Hoffelli og fl. Svæða og að þéttbýlinu Hafnar í Hornafirði.

Stjórn FASK ræddi um tvö T gatnamót sem fyrirhugað er að byggja upp í tengslum við nýjan þjóðveg um Hornafjörð. Stjórn FASK bendir á að þessi hluti af hönnun vegarins hafi verið gerð í aðdragand aðalskipulagsbreytingar um 2006. Frá þeim tíma hafi verið stökkbreyting á þróun ferðaþjónustu á svæðinu og m.a fyrirhuguð eftirfarandi uppbygging, norðan við þéttbýlið Höfn.

- |                            |  |
|----------------------------|--|
| - Haukafelli: Tjaldstæði   | - Hoffell: Hótel + baðlón                              |
| - Smærri gistingar         | - Stóruhlát: Tjaldstæði                                |
| - Hótel Vatnajökull: Hótel | - Hótel Skriðunni: Hótel + Starfsmannabúðir + Baðlón - |
| - Hótel Jökull:            | - Nesjahverfi:   |
| - Flugvöllur:              | - Seljavellir + Árnarnes gistiheimili                  |
| - Spennistöð RARIK         | -Vatnsból Hafnar og Nesja                              |
| - Skotsvæði Skotfélagsins  | - Reiðhöll og félagssvæði hestamannafélagsins          |
| - Hefðbundinn landbúnaður  | -Byggðin við Fagranes: Steypustöð/gisting/gróðrarstöð  |

Eins og sést á upptalningunni hér að ofan er að byggjast upp verulega viðamikil starfsemi norðan Hafnar sem mun hafa þau áhrif að gestir noraðn svæðisins munu sækja sér þjónustu á Höfn, svo sem Matsölu, veitingasölu, Sundlaug, Heilsugæsla, banki, pósthús, viðgerðarþjónusta, Söfn o.fl sem hefðbundið þéttbýli hefur uppá að bjóða. Ennfremur er þjónustan norðan Hafnar þess eðlis að gestir sem dvelja inni á Höfn munu vilja sækja þjónustu norðan Hafnar og því verulega líklegt að umferð um þennan kafla verður töluverð.

Stjórn FASK bendir Vegagerðinni á þessa staðreynd og hvetur hana til að fara yfir öryggi þessarar vegtengingar milli Hafnar og avtinnu- tómsunda- og íbúðarsvæðis norðan Hafnar og kalla eftir gögnum frá SVH sem hefur yfirsýn yfir fyrirhuguð áform. Formanni falið að senda bókun á Vegagerðina og SVH.

### **3. Undirbúningur fyrir aðalfund:**

Stjórn FASK lagði til að aðalfundur FASK verði haldinn í byrjun Maí - Formanni og Gjaldkera falið að undirbúa aðalfundinn og senda dagsskrá ásamt tillögu að dagsetningu.

**Fundi slitið 9:35**